

Nd.

728. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Í stað orðsins „framfærsluþurfi“ komi alls staðar í frv.: styrkþegi.
2. Við 8. gr. Í stað „11. gr.“ í 2. mgr. komi 12. gr.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 8. gr., ákveður yfirvald meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, upphæð barnsfararkostnaðar svo og barnalífeyri, eftir því sem mælt er í lögum um almannatryggingar og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
4. Við 10. gr.
 - a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Nú er meðlag, lífeyrir eða barnsfararkostnaður samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki hjá framfærslumanni samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.
 - b. 3. mgr. falli niður.

5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Ekki er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkvæmt úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í lögum um almannatryggingar.
6. Við 36. gr. 2. másl. orðist svo: Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis.
7. Við 38. gr. 1. másl. 3. mgr. orðist svo:
Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, sem hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, skal sveitarstjórn taka þau af heimili foreldranna.
8. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
Sóknarprestarnir, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla styrkþega í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra. Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra til lögreglustjóra vanrækslu sveitarstjórnar í þessu efni.
Lögreglustjóri rannsakar kæru þegar í stað. Telji hann kærana á rökum reista, ber honum að halda sveitarstjórn til að gæta skyldlu sinnar. Hann skal og, ef ástæða er til, skýra félagsmálaráðuneytinu frá kærinni og því, sem rannsókn hans hefur leitt í ljós.
9. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Sveitarstjórn er skylt að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.
10. Í stað V. kafla, 42.—50. gr., komi 7 nýjar greinar, svo hljóðandi:

V. KAFLI

Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega.

- a. (42. gr.) Sá, sem fengið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður þeim skyldum gagnvart sveitarstjórn, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
- b. (43. gr.) Er sveitarstjórn heimtir samkvæmt endurríti af viðskiptareikningi styrkþega styrk, sem honum ber að endurgjalda, getur hún beiðzt lög-taks hjá honum eftir fyrirmælum laga nr. 29 16. des. 1885.
Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. laganna.
- c. (44. gr.) Sveitarstjórn getur látið fólga eða hreppstjóra skrifa upp eignir styrkþega. Ef þinglýst er eftirríti af uppskriftargerðinni, leggst veðband á hinar uppskrifuðu eignir, er gengur fyrir öllum kröfum öðrum en eldri veðkröfum.
Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.
Nú vanrækir vinnuveitandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt styrkþega eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.
Lausafé og atvinnutæki, sem sveitarstjórn fær styrkþega í hendur eða styrkir hann til að kaupa, skulu vera eign sveitarsjóðsins.
- d. (45. gr.) Skylt er að veita sveitarstjórnnum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og lögskyldra framfærslumanna hans, er þær óska. Vinnumiðlunarskrifstofur og atvinnurekendur eru og skyldir að láta þeim í té vinnuskýrslur og kaupskrár, þegar þess er óskað.

Bönkum og sparisjóðum er skylt að gefa sveitarstjórnunum upplýsingar um inneignir styrkþega og framfærslumanna hans.

- e. (46. gr.) Um fjárræði styrkþega fer að lögræðislögum.
- f. (47. gr.) Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem er vinnufær og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Sveitarstjórn er og heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður, hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnutíminn miðaður við, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans.

- g. (48. gr.) Nú er hátterni manns gagnvart sveitarstjórn eða þeim, sem honum er skylt að framfæra, slíkt sem segir í 180. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19 1940, og getur sveitarstjórn þá kært hann til refsingar samkvæmt þeirri grein.

Nú vill maður, áður en til framkvæmdar refsingar kemur, sinna vinnu, sem honum er vísað á samkv. 47. gr., og skal þá fresta framkvæmd refsingarinnar.

11. Greinatala breytist, þannig að 51.—79. gr. verða 49.—77. gr.

12. Við 61. gr. Á eftir 6. tölulið komi nýr töluliður:

Framærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.

13. Við 70. gr. Í stað „68. gr.“ í 1. másl. komi: 67. og 68. gr.

14. Upphaf 79. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. Við ákvæði til bráðabirgða. 3. tölul. orðist svo:

Nú hefur móðir óskilgetins barns, sem hún kennir erlendum manni, fengið greitt meðlag með því af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þegar lög þessi öðlast gildi, og er þá valdsmanni heimilt að úrskurða, að hún skuli fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, ef hún færir gildar líkur að faðerninu. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo og þau meðlög, sem sveitarsjóðir hafa greitt mæðrum slíkra barna fyrir gildistöku laga þessara.